


Aðalfundur 2022

~ Haldinn þann 19. apríl ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Formaður og einn meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum
- **Önnur mál**
 - Orðið er laust

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn út á Arnarvelli undir berum himni sökum Covid stöðunnar í þjóðfélaginu þann 11. maí og voru 8 félagsmenn mættir. Rekstur á árinu 2021 var jákvæður um 150.703 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Sverrir Gunnlaugsson var endurkjörinn sem gjaldkeri, Ágúst H. Borgþórsson var endurkjörinn sem vallarstjóri og Gunnar H. Valdimarsson bauð sig fram sem meðstjórnanda.

Innherjar lögðust í dvala á tímabilinu en sökum covid lokana, sóttvarna- og samkomu-takmarka var starfsumhverfið fyrir innflug í íþróttahúsum ekkert alltof glæsilegt á árinu en þó náðust nokkrir tímar í byrjun árs á milli bylgja.

Flotflugkoman var á sínum stað en einnig voru haldin mánaðarleg flotflugkvöld sem mæltust vel fyrir hjá félagsmönnum og öðrum flugmóðelmönnum og voru þau vel sótt. Nokkrir félagsmenn skelltu sér saman norður á land á árlega flugkomu Flugmóðelfélags Akureyrar á Melgerðismelum og var mikið flogið í finu veðri.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á fjöldamargar aðrar samkomur sem haldnar voru vítt og breytt um landið. Sverrir Gunnlaugsson varði Íslandsmeistaratitil sinn í hangi, F3F, og var þetta í þriðja skiptið í röð sem hann sigrar í mótinu.

Arnarvöllurinn var vel nýttur á árinu en 188 dagar voru skráðir á flugmóðelspjallinu og svo eru nokkrir óskráðir þannig að lauslega má áætla að um 200 dag á árinu hafi verið einhver hreyfing í loftinu. Það er um 54% nýting á flugvellingum ef eingöngu er horft til flugsins, svo bætist ofan á þetta ef horft er til bíladeildarinnar. Klárað var að tyrfa við brautarmótin og einnig var sett upp vefmyndavél sem snýr að bílabrautinni.

Bíladeildin var líka á fullu, fór í framkvæmdir á aðstöðunni hjá sér, málaði og tók til en einnig voru smávægilegar breytingar gerðar á brautinni sem hugmyndin er að halda áfram með á komandi sumri. Einnig voru reglulegir hittingar og nokkur mót haldin.

Ekkert varð úr Ljósanótt frekar en árinu áður sökum covid.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársdag.

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2021**

	2021	2020
Félagsgjöld	538.200 kr.	569.800 kr.
Innherjar		40.000 kr.
Styrkir		
Vextir	455 kr.	119 kr.
Vallarviðhald	248.850 kr.	328.892 kr.
Tækjakaup		
Vefmyndavél	55.950 kr.	54.352 kr.
Tryggingar	49.472 kr.	47.283 kr.
Bensín, gas, olía	11.933 kr.	45.775 kr.
Veitingar		8.259 kr.
Bankakostnaður	16.355 kr.	5.152 kr.
Fjármagnstekjuskattur	100 kr.	26 kr.
Samtals á árinu	<u>155.995 kr.</u>	<u>120.180 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	150.703 kr.	30.523 kr.
Samtals eign í árslok	<u>306.698 kr.</u>	<u>150.703 kr.</u>

Eignir	Verð
Sparireikningur	736.143
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Áburðardreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	2.091.143

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.716.143
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 1.042.841 kr en 736.143 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi. Daglegur rekstur var því jákvæður um 155.995 kr.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu undir rekstrinum. Stjórn félagsins leggur til að halda félagsgjöldunum óbreyttum á árinu 2022 eða 6.500 kr fyrir yngri en 18 ára og 13.000 kr fyrir almenna félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin apríl/mái.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og einn meðstjórnanda.

Tillögur og lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Önnur mál

Orðið er laust.

Minnisblað